

Skólastjóri, útskriftarnemar, kennarar, fjölskyldur og aðrir góðir gestir.

Það er líklega ein besta æfingin í núvitund að sitja undir slíkri upptalningu nafna. Á meðan hugsum við hlýtt til mannanafnanefndar.

Það er mér mikill heiður að standa hér í dag, verandi gamall Verzlingur, 16 árum síðar frá eigin útskrift. Nokkrum hrukkum ríkari.

6. bekkur ei meir! Það er dálítið bitur tilhugsun að 6. bekkur Verzló verði aldrei aftur útskrifaður. En það er á sama tíma mjög sæt tilhugsun að innleiðing styttingar framhaldsskóla hafi nú orðið að langþráðum veruleika með afburðagóðum undirbúningi skólastjórnenda og starfsfólks Verzlunarskóla Íslands. Viðskiptaráð talaði með og fyrir þessari mikilvægu breytingu sem festir Verzlunarskólann enn frekar í sessi sem leiðandi framhaldsskóla á Íslandi.

Viðskiptaráð Íslands hefur verið bakhjarl Verzlunarskólans í yfir 90 ár. Á vormánuðum árið 2014 tók ný skipulagsskrá skólans gildi. Með henni var aðkoma atvinnulífsins að starfsemi Verzlunarskólans breikkuð auk þess sem tengsl við fyrrverandi nemendur voru eflað í gegnum þátttöku þeirra í nýju fulltrúaráði skólans. Með fjölbreyttari aðkomu atvinnulífsins er skólinn enn betur í stakk búinn til að mæta þörfum viðskiptalífsins og þeim breytingum sem framundan eru í íslensku menntakerfi.

En menntun á sér ýmsar birtingarmyndir. Lærdómur, speglun og tileinkun síast inn á ólíkan hátt. Hún getur verið eins hversdagsleg og að setjast ómeðvitað við hlið einhvers sem síðar verður besti vinur manns fyrir lífstíð. Hún getur verið eins afdrifarík og kennarinn sem með staðfestu og óbilandi trú á nemendum sínum lyftir þeim upp í nýjar hæðir og leggur að hluta til jarðveginn að því hvernig karakter þú verður.

Ég ætla að gefa mér það hér að flest ykkar hafi stundað námið af krafti og elju, en ég veit líka að önnur lögðu metnað sinn í ótal aðra hluti innan skólans – það eru ekki síður leiðarvísar – brautarteinarnir eru nú þegar lagðir fyrir eitthvað stærra og meira fyrir ykkur öll – fyrir þetta eitthvað sem þið brennið vonandi fyrir.

En talandi um það sem þið brennið fyrir...

Harvard háskóli gerði fyrir nokkrum árum rannsókn á því hvernig fólk veldi sér lífsviðurværi, eða starfsvettvang – sú sláandi niðurstaða kom þá í ljós að aðeins örlítill prósentu mannkyns starfar við það sem það elskar að gera, eða um 5%. Starfaði við það sem kveikti tilhlökkunina að morgni dags. Nú er ég ekki að segja að við getum öll unnið við að fara í fjallaskíðaferðir hoppandi úr þyrlum eða orðið atvinnumenn í knattspyrnu en ég gef mér að það sé einhver lífræn dreifing sem verður þegar hæfileikar fólks fá að njóta sín til fulls. Það er kannski klisja í dag að tala um bestu útgáfuna af sjálfum sér en ef til vill er þessi margumtalaða framleiðni okkar lands eitthvað háð því að fólk hlusti meira á hjartað – elti drauma sína. Slík markmið

eru stór hluti af allri nýsköpun, en eins og Viðskiptaráð hefur margsinnis bent á síðustu misseri þá er nýsköpun og hugvitsdrifinn útflutningur leiðin fram á við til aukinnar hagsældar á Íslandi.

Sama Harvard rannsókn sýndi einnig fram á að fólk væri best í því sem það gleymdi sér í fyrir tvítugt. Hvað, á síðustu fjórum árum, lét ykkur gleyma stað og stund? Ef frá eru taldar stundirnar með Emmsjé Gauta á dansgólfinu... Hvað var það sem þið elskuðuð að gera? Farið þangað, gerið það. Verið það. Gælið að minnsta kosti við tilhugsunina. Ávöxtunin mun fylgja.

Við hjá ráðinu erum stolt af uppbyggingu Verzlunarskóla Íslands. Viðskiptaráð hefur í heila öld lagt metnað í að styðja við menntun á Íslandi og við teljum það okkar mikilvægasta framlag til atvinnulífs og samfélagsins í heild. Um leið og ég óska öllum útskriftarnemum og aðstandendum til hamingju með daginn er það mér mikil ánægja að veita að lokum tvær viðurkenningar fyrir hönd Viðskiptaráðs.

Það er hefð fyrir því að Viðskiptaráð veiti viðurkenningu fyrir bestan árangur í viðskiptagreinum og einnig bestan árangur í alþjóðafræðum.

Viðurkenningunni fylgir 100 ára hátíðarrit ráðsins sem fer m.a. yfir tímalínu verslunar og viðskipta á Íslandi síðustu 100 ár og þær samfélagsbreytingar sem fylgdu.

Ég vil biðja eftirtalda nemendur að koma og taka við viðurkenningu frá Viðskiptaráði og brosa sínu breiðasta hér fyrir myndavélina að því loknu.

Verðlaun fyrir bestan árangur í viðskiptagreinum á viðskiptasviði á stúdentsprófi

hlýtur

Kristín Amalía Líndal 6-G

Verðlaun fyrir bestan árangur í alþjóðafræðum á alþjóðasviði á stúdentsprófi

hlýtur

Katrín María Timonen 6-A